



Fjölmenningarsetur

Félagsmálaráðuneytið fer með málefni innflytjenda og flóttafólks sem kemur til landsins í boði stjórnvalda og er Fjölmenningarsetur ríkisstofnun sem rekin er undir stjórn félagsmálaráðuneytisins. Fjölmenningarsetur var formlega kynnt 28. nóvember 2012 við samþykkt Lög um málefni innflytjenda. 2012 nr. 116. <https://www.althingi.is/lagas/146a/2012116.html>

Meginmarkmið laga um útlendinga er að tryggja mannúðlega og skilvirka meðferð stjórnvalda í málefnum útlendinga hér á landi ásamt því að kveða á um réttarstöðu og tryggja réttaröryggi útlendinga sem koma til landsins eða fara frá því, sækja um dvalarleyfi eða dveljast hér á landi. Ólíkar reglur gilda um komu og dvöl einstaklinga hér á landi eftir tilgangi dvalar og eftir því hvort komið er frá ríki Evrópska efnahagssvæðisins eða frá ríki utan þess. Meginreglan er sú að útlendingar þurfa atvinnu- og dvalarleyfi í því skyni að starfa hér á landi.

Útlendingastofnun ber ábyrgð á afgreiðslu dvalarleyfa, vegabréfsáritana, ríkisborgararéttar, og umsókna um alþjóðlega vernd en umsóknir eru lagðar fram hjá Útlendingastofnun eða lögreglu. Kærer á grundvelli laga um útlendinga skulu berast kærunefnd útlendingamála.

Lög um málefni innflytjenda hafa það að markmiði að stuðla að samfélagi þar sem allir geta verið virkir þátttakendur óháð þjóðerni og uppruna. Þessu skuli náð m.a. með því að hagsmunir innflytjenda séu samþættir allri stefnumótun, stjórnsýslu og þjónustu hins opinbera, víðtæku samstarfi, aukinni fræðslu og miðlun upplýsinga um málefni innflytjenda.

II. kafli. Stjórnsýsla.

■ 2. gr. Fjölmenningarsetur.

- Starfrækja skal sérstaka stofnun, Fjölmenningarsetur, undir yfirstjórn ráðherra.
- Ráðherra skipar forstöðumann Fjölmenningarseturs til fimm ára í senn.

■ 3. gr. Hlutverk Fjölmenningarseturs.

Verkefni Fjölmenningarseturs eru meðal annars að:

a. veita stjórnvöldum, stofnunum, fyrirtækjum, félögum og einstaklingum ráðgjöf og upplýsingar í tengslum við málefni innflytjenda,

b. vera sveitarfélögum til ráðgjafar við að taka á móti innflytjendum sem flytjast í sveitarfélagið,

c. taka saman og miðla upplýsingum um réttindi og skyldur innflytjenda,

d. fylgjast með þróun innflytjendamála í þjóðfélaginu, meðal annars með upplýsingaöflun, greiningu og upplýsingamiðlun,

e. koma á framfæri við ráðherra, innflytjendaráð og önnur stjórnvöld ábendingum og tillögum um aðgerðir sem hafa það að markmiði að allir einstaklingar geti verið virkir þátttakendur í samfélaginu óháð þjóðerni og uppruna,

f. taka saman árlega skýrslu til ráðherra um málefni innflytjenda,

g. hafa eftirlit með framgangi verkefna sem fram koma í þingsályktun um framkvæmdaáætlun í málefnum innflytjenda, sbr. 7. gr.,

h. vinna önnur verkefni í samræmi við markmið laganna og þingsályktun um framkvæmdaáætlun í málefnum innflytjenda og einnig samkvæmt nánari ákvörðun ráðherra.

Stofnunum, fyrirtækjum og félagasamtökum er skylt að veita Fjölmenningasetri hvers konar almennar upplýsingar sem stofnuninni eru nauðsynlegar til að annast þau verkefni sem lög þessi fela því.